

**Frá:** Laufey Guðmundsdóttir

**Sent:** föstudagur, 25. júní 2021 15:23

**Efni:** Uppfærsla á forgangslista í Áfangastaðaáætlun Suðurlands

Nú fer að líða að því að uppfærsla á Áfangastaðaáætlun Suðurlands verður send til ykkar til athugasemdar og samþykktar.

Einn liður í Áfangastaðaáætluninni er ykkar staðir sem þið viljið hafa á forgangslista vegna mögulegra umsókna í Framkvæmdarsjóð ferðamannastaða.

Það að staður sé tekinn fram í Áfangastaðaáætlun gefur aukin stig í úthlutun og þannig eykur líkur á úthlutun. Sjá matsblað í viðhengi.

**Vinsamlegast sendið okkur við fyrsta tækifæri uppfærðan lista fyrir umsóknir í ok 2021 fyrir 15. ágúst nk.**

Í síðustu úthlutun fengu 15 verkefni á Suðurlandi styrk úr Framkvæmdarsjóð ferðamannastaða alls að upphæð 231,37 milljónum. [Sjá frétt á sudurland.is](https://www.sudurland.is)

Fjórar Vörður á Suðurlandi: Í apríl mánuði tilkynnti Þórdís Kolbrún Ferðamálaráðherra nýtt verkefni um fyrirmyndaráfangastaði þar sem fyrstu fjórir staðirnir eru allir staðsettir á Suðurlandi. [Sjá frétt á sudurland.is](https://www.sudurland.is)

Ekki hika við að hafa samband ef eitthvað er óskýrt eða við getum leiðbeint ykkur eitthvað vegna Framkvæmdarsjóðsins.

**Bestu kveðjur / Kind regards**

**Laufey Guðmundsdóttir**